# Athugasemd frá Ingibjörgu Sveinsd.

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | **:** | Berglind Guðmundsdóttir |
| **Frá** | **:** | ingibjorgs@ru.is |
| **CC** | **:** | dyri.kristjansson@stefnir.is |
| **Heiti** | **:** | Athugasemd frá Ingibjörgu Sveinsd. |
| **Málsnúmer** | **:** | 1211376 |
| **Málsaðili** | **:** | Hafnarfjarðarkaupstaður |
| **Skráð dags** | **:** | 16.04.2018 14:37:32 |
| **Höfundur** | **:** | ingibjorgs@ru.is |

Heil og sæl,

V/Ásvallabrautar

Við, fasteignareigendur að Furuási 29 í Hafnarfirði, mótmælum lagningu Ásvallabrautar fyrir neðan Ásland 3. Teljum við að svo þung umferð eigi ekki heima svo nálægt íbúabyggð þegar fleiri möguleikar standa til boða. Við erum þess fullviss að kostnaður Hafnarfjarðarbæjar við lagningu vegarins fyrir neðan Furuás muni verða mun meiri en 150 mkr. sem það kostar að leggja veginn í vegstæði Kaldárselsvegar. Förum við fram á mælingar af hálfu Hafnarfjarðarbæjar hvað þetta varðar.
Við förum fram á nákvæmari útlistun og mælingu á hávaða vegna brautarinnar á húsunum sem næst liggja í Furuás, þar sem ljóst er að það orkar mjög tvímælis hvort gróður og manir komi að gagni þar sem Ásland 3 liggur svo hátt miðað við veginn.
Að lokum óskum við eftir nýrri ábatagreiningu vegna framkvæmdanna þar sem ekki var tekið tillit til frestunar á byggð í Skarðshlíð og mislægum gatnamótum á Reykjanesbraut við fyrri mælingar.
Auk þess teljum við verulegan skort á mælingum á mismunandi lóðarverði í Áslandi 4 með og án Ásvallabrautar enda ljóst að fasteignaverð húsa sem svo nálægt liggja veginum verður minna en ella.

Virðingarfyllst,
Ingibjörg Sveinsdóttir og Dýri Kristjánsson.

Sent from my iPhone